



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir leikskóla (Klettaborg-Klettakot) að Sporhömrum 14. Þetta er 2ja deilda ungbarnaleikskóli með móttökueldhúsi (tvær viðbótardeildir við leikskólann Klettaborg Dyrhömrum 5).

Nafn leyfishafa: Reykjavíkurborg

Heimilisfang: Ráðhúsinu

Póstnúmer: 101

Kennitala: 530269-7609

Útgáfudagur leyfis: xx.xx 2025

Gildir til: xx.xx 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Starfsleyfisskilyrði fyrir Leikskóla

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, xx 2025



Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

13. October, 2025

Einkvæmt auðkenni: 58642e78-5dcc-481a-ba0f-d9bdaf77b7b

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Ný starfsemi

Starfsemi hefst

11/15/2025 00:00:00

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Klettaborg- Klettakot

Aðsetur starfsstöðvar

Sporhamrar 14

Póstnúmer aðseturs

112

Símanúmer

Netfang

asdis.hallgrimsdottir@reykjavik.is

Heimasíða

<https://reykjavik.is/klettaborg>

Nafn fyrirtækis

Leikskólinn Klettaborg

Kennitala fyrirtækis

5302697609

Heimilisfang fyrirtækis

Dyrhamrar 5

Póstnúmer fyrirtækis

112

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Ásdís Hallgrímsdóttir

Kennitala forsvarsmanns**Sími forsvarsmanns****Netfang forsvarsmanns**

asdis.hallgrimsdottir@reykjavik.is

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F2214018

Rýmisnúmer

010101

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Hollustuhættir

Nánari lýsing á starfseminni

Leikskólinn Klettaborg Dyrhömrum 5 mun nú oppna 2 deilda viðbót á gamla gæsluvellinum Sporhömrum 14 (Klettakot). En þar er búið að endurgera húsið og leikvöllinn.

Fylgigögn

Viðbótargögn

Sporhamrar_14._A_alupprtt_2_.pdf,HS2502_G03_Vinnuteikning A1_100.pdf,Leikskóli vi_
Sporhamra 14_BSI.pdf,2_1_Fl_irit
Sk_lamatar.pdf,2_3_h_ttugreining_sk_lamatur.pdf,Verkferli_afgrei_sla_hitun_matar.docx,Ums_gn
byggingarfulltr_a_Starfsleyfi.pdf



Reykjavík, 13. október 2025
USK25090230

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA: Starfsleyfi

Viðtakandi: Reykjavíkurborg

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Sporhamrar 14

Merking: 01-0101 fasteignanúmer F2214018

Starfsemi: Leikskóli

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir leikskóla að Sporhömrum 14.

Húsnæðið heimilar þessa notkun.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 01.07.2025 (USK25060349) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Lokaúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags 10.10.2025.

Virðingarfyllst,
Berglind Björg Sigvaldadóttir
f.h. byggingarfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Leikskóla

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rlg. .nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir leikskóla.	941/2002	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Starfsleyfi leikskóla tekur til húsnæðis og lóðar.	941/2002 14.gr. 942/2002	
1.3	Þess skal gætt við staðsetningu leikskóla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.	941/2002 34.gr.	
1.4	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði	941/2002 7.gr.	
1.5	Innra eftirlit skal vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar um hollustuhætti eins og nánar er tilgreint í skilyrðum þessum.	941/2002 11.gr. og 36.gr.	
1.6	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn	941/2002 14. gr.	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 13.gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14.gr.	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr.	
2.3	Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 37.gr.	
2.4	Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.	941/2002	

		37.gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægjanlegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr.	
2.6	Um fjölda salerna fer skv. byggingarreglugerð.	941/2002 37.gr.	
2.7	Lágmarksaðstaða barna í leikskólum skal vera í samræmi við reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.	941/2002 37.gr. 655/2009 6.gr.	
2.8	Í leikskólum skulu salerni og handlaugar vera við hæfi barna. Auk þess skal þar vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur.	941/2002 39.gr. 655/2009 5.gt.	
2.9	Þar sem við á skal vera aðstaða til að skipta á börnum, með góðu aðgengi að handlaug. Þar skal vera fljótandi sápa, gerileyðir og einnota handþurrkur.	941/2002 39.gr. 655/2009 5.gt.	

3. HÁVAÐI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
3.1	Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða. Gæta skal þess að hljóðstig verði ekki það hátt að valdi óþægindum.	724/2008 7.gr.	

4. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rlg.nr.	Uppfyllt
4.1	Í leikskólum skal vera skrifleg hreinlætisáætlun og verklýsing á hverju vinnusvæði (þ.m.t. leikföng, dýnur, rúmföt, teppi, o.fl.) þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa	941/2002 Gr. 11, 14, 34 og 36	
4.2	Í leikskólum skulu fara fram dagleg þrif. Alsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 Gr.11 og 14	
4.3	Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 gr.11 og 14	
4.4	Loftræsikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Þjónustuhandbók fyrir vélrænt loftræsikerfi eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 gr.11 og 14	
4.5	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið eða lóð. Heilbrigðisnefnd getur heimilað að farið sé með dýr inn í skóla í afmarkaðan tíma enda komi það fram í starfsleyfi eða gefið út einstakt	941/2002 19.gr og fylgiskjal 3.	

	leyfi fyrir sérstakar heimsóknir. Þó er fötluðum einstaklingum heimilt að hafa með sér hjálparhund		
4.6	Tóbaksreykingar eru bannaðar í leikskólum, bæði í húsnæði og á lóð.	Lög nr. 6/2002	

5. MATVÆLI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
5.1	Fara skal að ákvæðum matvælaeðlugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framreiðslu og dreifingu matvæla.	Rlg 103/2010 og 852/2004	

6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
6.1	Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði, lóð, aðstöðu og búnað þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn.	941/2002 37.gr	
6.2	Setja skal starfsreglur sem miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys. Fara skal eftir viðeigandi ÍST-EN stöðlum um öryggi og slysavarnir.	941/2002 37.gr	
6.3	Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir því að reglulegt innra eftirlit sé haft með leikvallatækjum, leiksvæðum og búnaði	942/2002 12.gr.	
6.4	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns, þannig að vatnshiti á töppunarstað fari ekki yfir 38 í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar.	941/2002 14.gr.	
6.5	Leikskólastjóri skal skrá slys og óhöpp sem verða í leikskólanum á þar til gerð eyðublöð.	941/2002 11. og 36.gr. 942/2002 12.gr.	

7. LEIKFÖNG

7.1	Leikföng skulu vera CE- merkt og hafa aldri barna. Notuð raftæki eru ekki leikföng og ætti ekki að nota sem slík þar sem þau geta innihaldið varasöm efni.	941/2002 35. gr.	
7.2	Litir og föndurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir um merkingar og innihald.	941/2035. gr.	
7.3	Leikföng skal yfirfara og þrifa reglulega samkvæmt skriflegri	941/2002 35. gr., 36.	

hreinlætisáætlun.	gr.	
-------------------	-----	--

8. LEIKSKÓLALÓÐ, LEIKVALLATÆKI OG LEIKSVÆÐI

	Rlg.nr.	Uppfyllt
8.1 Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.		
8.2 Leikvallatæki, undirlag og annar búnaður skulu uppfylla ÍST-EN staðla sem taldir eru upp í viðauka I og IV.	942/2002 viðauki I og IV	
8.3 Innra eftirlit skal vera í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.	942/2002 12.gr.	
8.4 Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Skráningar á innra eftirliti sem og afrit af skýrslum um aðalskoðun skal vera til staðar í starfstöð og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeim. Tilgreina skal til hvaða úrbóta skal grípa til þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðar og hvenær úrbótum er lokið. Sjá dæmi um rekstrarskoðun á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/hollustuhaettir/ReglulegSkodunLeikvalla.pdf	942/2002 Viðauki III	
8.5 Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Sjá kafla 3.8 í Öryggisvísi leiksvæða á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/hollustuhaettir/oryggisvisir_2004.pdf	942/2002 7.gr.	
8.6 Leiksvæði skal vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir á lóðinni þannig að stafi hætta af.	942/2002 Viðauki II	
8.7 Leikskólalóðir skulu vera afgirtar. Frágangur lóða skal vera þannig að börnum stafi ekki hætta af.	941/2002 38.gr.	
8.8 Lýsing á lóð skal vera góð.	942/2002 6.gr.	

9 UMHVERFISMÁL

	Rlg.nr.	Uppfyllt
9.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið	941/2002 34.gr.	
9.2 Leitast skal við að draga úr sorpmýndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	737/2003, 12.gr.	

9.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.	Lög nr. 61/2013 og regl	
9.4 Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru	941/2002 14. gr.	
9.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	

Starfsleyfisfiskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
 Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
 Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
 Reglugerð 724/2008 um hávaða
 Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
 Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
 Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. [169/2002](#).
 Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir
 Lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum sem byggja á þeim
 Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn,
 Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Byggingarreglugerð nr. 112/2012,
 Reglugerð nr. 655/2009 um starfumhverfi leikskóla
 Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og og skólalóða,
 Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

85100 Fræðslustarfsemi á leikskólastigi

Reykjavík 19.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir